

Ár 2013, þriðjudaginn 19. mars, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Svanhildi Kaaber, Jónasi Þór Guðmundssyni og Kolbeini H. Stefánssyni.

Fyrir var tekið:

## **Að ákveða laun og starfskjör forstjóra Póst- og fjarskiptastofnunar**

### **I.**

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. 1. gr. laga nr. 168/2007 um breyting á þeim lögum, er verkefni ráðsins meðal annars að ákveða laun forstöðumanna ríkisstofnana. Póst- og fjarskiptastofnun er ríkisstofnun, sbr. lög nr. 69/2003. Heyrir því undir kjararáð að ákveða forstjóra Póst- og fjarskiptastofnunar laun.

### **II.**

Kjararáði barst bréf dagsett 13. júlí 2012 frá forstjóra Póst- og fjarskiptastofnunar þar sem hann óskar eftir endurskoðun launakjara. Með bréfinu fylgdi ársskýrsla Póst- og fjarskiptastofnunar vegna ársins 2011. Í bréfinu segir að stofnunin annist framkvæmd laga um fjarskipti og laga um pósthjónustu og hafi eftirlit með þessum grunnstoðum þjóðfélagsins. Yfir 80% af starfi stofnunarinnar beinist að fjarskiptum. Fram kemur að fjarskiptakerfi sé talin vera ómissandi þáttur í starfsemi nútíma þjóðfélaga og öflugur fjarskiptamarkaður skipti sköpum fyrir samkeppnishæfni þjóðfélagsins og allt daglegt starf enda lamist nútímasamfélagið án öruggra fjarskipta. Starf stofnunarinnar sé flókið og sérhæft og ¾ hlutar starfsmanna séu hákólamenntaðir á sviði lögfræði, tækni, viðskiptafræði eða hagfræði. Stofnunin keppi við markaðsaðila um hæft starfsfólk. Þá segir að ákvarðanir stofnunarinnar varði oft mikla hagsmuni og verði hún í hvívetna að vanda til allra ákvarðana þannig að þær standist ýrustu rýni, þar með talið fyrir kæruneftnd og dómstólum. Helstu verkefni stofnunarinnar séu skipulag fjarskiptatíðna og númeramála, samhæfing á alþjóðavísu og eftirlit með notkun tíðna og númera. Bent er á að fjarskiptatíðnir séu skilgreindar sem náttúruauðlind. Þannig úthluti stofnunin náttúrauðlindum sem gjald sé tekið fyrir. Einnig greini stofnunin markaðsstöðu fjarskiptafyrirtækja með viðamiklum markaðsgreiningum og leggi á og fylgi eftir íþyngjandi kvöðum sem stuðli að opnun markaða. Þá sinni hún deilumálum milli markaðsaðila, leiti sátta og skeri úr um ágreining með stjórnvaldsákvörðun náist ekki sættir. Stofnunin greini kostnað á helstu heildsölupáttum fjarskipta- og pósthjónustu. Einnig sé neytendavernd mikilvægur þáttur í starfi stofnunarinnar. Fram kemur að net- og upplýsingaöryggi og starfræksla þjóðarnetöryggissveitar sé stór og vaxandi þáttur í starfi stofnunarinnar sem og alþjóðlegt samstarf á verksviði hennar. Forstjórinn líkir starfi Póst- og fjarskiptastofnunar við starf Fjármálaeftirlitsins og Samkeppniseftirlitsins. Þessar stofnanir hafi allar eftirlit með miklævægum þáttum þjóðfélagsins og verði að sýna myndugleika í starfi. Bresti starf þeirra beri þjóðfélagið mikinn skaða af. Ákvarðanir þessara stofnana varði mikla hagsmuni, séu oft umdeildar og sé gjarnan skotið til úrskurðarneftnda eða dómstóla.

Með bréfum dagsettum 23. ágúst 2012 gaf kjararáð fjármálaráðuneyti og innanríkisráðuneyti kost á að leggja fram greinargerðir vegna erindis forstjóra Póst- og fjarskiptastofnunar, sbr. 6. gr. laga um kjararáð.

Fjármálaráðuneyti sendi kjararáði bréf dagsett 6. september 2012. Í bréfinu er ekki tekin efnisleg afstaða til erindis forstjórans en fram kemur að ráðuneytinu sé ekki kunnugt um á hvern hátt starfsemi Póst- og fjarskiptastofnunar hafi breyst frá því síðast hafi verið úrskurðað um launakjör forstjórans á árinu 2001, að öðru leyti en því sem rakið sé í bréfi hans til kjararáðs. Í svari innanríkisráðuneytis dagsettu 10. september 2012 segir að í bréfi forstjóra Póst- og fjarskiptastofnunar til kjararáðs sé hlutverki og verksviði stofnunarinnar vel lýst. Um

mikilvæga starfsemi sé að ræða, einkum hvað varði eftirlit með aðilum á fjarskipta- og póstmárkaði, úthlutun takmarkaðra gæða og öryggi fjarskipta. Þá segir að ráðuneytið hafi ekki nægilega góðar forsendur til að meta hvaða stofnanir séu sambærilegar Póst- og fjarskiptastofnun, en telji eðlilegt að kjararáð endurskoði launakjör forstjóra stofnunarinnar.

Með bréfi dagsettu 25. september 2012 fékk forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar send svör ráðuneytanna til kynningar og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við efni þeirra.

Forstjórinn sendi kjararáði bréf dagsett 6. október 2012. Í bréfinu er nánar fjallað um á hvern hátt Samkeppnisstofnun, Fjármálaeftirlitið og Póst- og fjarskiptastofnun séu um margt sambærilegar stofnanir og því eðlilegt að launakjör forstjóra þeirra séu sambærileg. Einnig er í bréfinu gerð ítarlega grein fyrir þeim breytingum sem orðið hafa á lagaumhverfi stofnunarinnar á undanförunum árum. Þær beytingar hafi víkkað út starfssvið stofnunarinnar og haft mikil áhrif á starf forstjóra hennar.

### III.

Samkvæmt lögum um Póst- og fjarskiptastofnun nr. 69/2003 er stofnunin sjálfstæð en undir yfirstjórn ráðherra, sem skipar forstjóra stofnunarinnar til fimm ára í senn. Forstjóri ræður aðra starfsmenn og stjórnar hann rekstri stofnunarinnar. Starfsmenn Póst- og fjarskiptastofnunar mega ekki vera stjórnarmenn eða starfsmenn félaga eða annarra aðila sem þeir hafa eftirlit með. Þá mega þeir ekki vera í hagsmuna- eða fjárhagstengslum við slíka aðila eða samtök þeirra.

Samkvæmt áðurnefndum lögum skal Póst- og fjarskiptastofnun hafa umsjón með framkvæmd fjarskipta- og póstmála hér á landi eftir því sem mælt er fyrir í þeim lögum og öðrum lögum. Er þar helst um að ræða lög nr. 81/2003 um fjarskipti og lög nr. 19/2002 um pósthjónustu svo og fjölmargar reglugerðir og reglur með stoð í þeim lögum. Stofnunin hefur eftirlit með starfsemi fjarskiptafyrirtækja og póstrekinda, þar með talið fjárhagsstöðu þeirra, og skal fylgjast með því að starfsemi þeirra sé í samræmi við lög, reglugerðir, reglur, skilyrði eða ákvarðanir sem um starfsemina gilda og að hún sé að öðru leyti í samræmi við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti. Póst- og fjarskiptastofnun og Samkeppnisstofnun skulu setja sameiginlegar leiðbeinandi reglur um meðferð og úrlausn mála sem geta bæði fallið innan marka laga um póst- og fjarskiptamál og samkeppnislaga.

Áður en Póst- og fjarskiptastofnun tekur ákvörðun, sem hefur áhrif á viðskipti milli ríkja, um skilgreiningu fjarskiptamárkaða og greiningu þeirra, um kvaðir á fjarskiptafyrirtæki með umtalsverða markaðshlutdeild eða um aðgang og samtengingu og breytingar á skyldum á smásölumárkaði skal stofnunin hafa samráð við Eftirlitsstofnun EFTA og eftirlitsstofnanir í einstökum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins í samræmi við skuldbindingar samkvæmt samningnum þar um.

Meginhlutverk Póst- og fjarskiptastofnunar er að tryggja hagkvæma, örugga og aðgengilega fjarskipta- og pósthjónustu fyrir alla landsmenn. Stofnunin fylgir eftir stefnu stjórnvalda og gerir tillögur um stefnumörkun á sviði fjarskipta og póstmála, stuðlar að virkri samkeppni með markaðsgreiningu og eftirliti og gætir hagsmuna neytenda í fjarskiptum og pósthjónustu. Stofnunin heldur úti reiknivél á vefnum þar sem neytendur geta borið saman verð á þjónustuleiðum fjarskiptafyrirtækjanna fyrir heimasíma, farsíma og netþjónustu. Þá sér stofnunin um úthlutun tíðna til fjarskiptafyrirtækja og ljósvakamiðla, úthlutun númeraraða til símafyrirtækja og númera til skipa. Einnig er net- og upplýsingaöryggi eitt af meginviðfangsefnum stofnunarinnar. Stofnunin heldur úti leiðbeiningavef um netöryggi fyrir almenning. Innan stofnunarinnar er starfandi sérstök netöryggissveit sem er öryggis- og viðbragðshópur til verndar netárásam.

Ákvarðanir Póst- og fjarskiptastofnunar sæta kærur til sérstakrar nefndar, úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála.

#### IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögnum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess tekur til.

Kjararáð hefur ekki áður tekið ákvörðun um laun forstjóra Póst- og fjarskiptastofnunar en kjaranefnd ákvað honum laun 25. september 2001. Frá þeim tíma hafa laun hans tekið breytingum í samræmi við almennar ákvarðanir kjaranefndar og síðar kjararáðs.

Þær breytingar sem orðið hafa á löggjöf og starfsemi Póst- og fjarskiptastofnunar síðan forstjóra voru síðast ákvörðuð laun gefa tilefni til breytinga á launum hans. Við ákvörðun launa forstjóra Póst- og fjarskiptastofnunar hefur verið höfð hliðsjón af launakjörum annarra forstöðumanna stofnana sem fara með eftirlitshlutverk.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun forstjóra Póst- og fjarskiptastofnunar skuli vera sem segir í ákvörðunarorði.

#### V.

##### Ákvörðunarorð

Frá og með 1. ágúst 2012 skulu mánaðarlaun forstjóra Póst- og fjarskiptastofnunar vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokki 137, nú krónur 817.392. Að auki skal greiða honum 30 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 502-132, nú krónur 6.918.

Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á eining.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör forstjóra Póst- og fjarskiptastofnunar gilda reglur kjararáðs frá 30. maí 2007.

---

Svanhildur Kaaber

---

Jónas Þór Guðmundsson

---

Kolbeinn H. Stefánsson